

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 — 1973

16. júlí 1973.

253

Nr. 78.

AUGLÝSING

um breyting á forsetaúrskurði frá 14. júlí 1971 um skipting starfa ráðherra.

Eftir tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði frá 14. júlí 1971 um skipting starfa ráðherra, að Birni Jónssyni eru falin þau ráðherrastörf, sem Hannibal Valdimarssyni voru falin í nefndum úrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 16. júlí 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.

9. júlí 1973.

Nr. 79.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 2. júlí 1973 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Núverandi 44. gr. verður 46. gr. Á undan greininni kemur fyrir sögn: C. Tannlæknadeild. Greinin orðast svo:

Kennsla, rannsóknir og nám í tannlæknadeild, svo og um stjórn deildarinnar.

A. Hlutverk deildarinnar.

1. Kennsla í tannlæknisfræði og skyldum greinum.
2. Rannsóknir í tannlæknisfræði og skyldum greinum.
3. Kennsla tannlæknakandidata, eftir því sem tilefni og ástæður gefast til.
4. Ráðgjöf um heilbrigðismál á sviði tannlækninga fyrir stjórnvöld.

B. Inntökuskilyrði.

Auk almennra skilyrða í 29. og 31. gr. gilda eftirfarandi inntökuskilyrði:
Af þeim stúdentum, sem innritast í tannlæknadeild og standast fyrsta árs